

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2005.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 29. júlí 2005 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2005. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 3. janúar 2005.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.